

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1228/2003

frá 26. júní 2003

um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku ⁽⁴⁾ var mikilvægt skref í þá átt að koma endanlega á hinum innri markaði á sviði raforku.
- 2) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 hvatti Evrópuráðið til þess að unnið yrði að því í flýti að koma endanlega á innri markaði bæði á sviði raforku og gass og að frelsi yrði aukið hið fyrsta á þessum sviðum með það fyrir augum að innri markaður verði starfræktur að fullu á þessum sviðum.
- 3) Stuðla skal að sköpun raunverulegs innri markaðar á sviði raforku með því að auka viðskipti með raforku, sem eru sem stendur vanþróuð í samanburði við önnur svið efnahagslífsins.

4) Innleiða skal samngjarnar, kostnaðartengdar og gagnsæjar reglur um gjaldskrár vegna flutnings yfir landamæri og úthlutunar á tiltækri flutningsgetu samtengilína sem gilda án frekari lögfestingar, hafa hliðsjón af samanburði milli skilvirkra kerfisstjóra neta á svæðum, sem eru sambærileg að uppbyggingu og koma til viðbótar ákvæðum tilskipunar 96/92/EB, í því skyni að tryggja skilvirkan aðgang að flutningskerfum vegna viðskipta yfir landamæri.

5) Í ályktun sinni frá 30. maí 2000 hvatti orkuráðið framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og innlend eftirlitsyfirvöld og stjórnvöld til að tryggja að ráðstafanir til að bregðast við kerfisöng komist tímanlega til framkvæmda og í samvinnu við Evrópska flutningskerfisstjóra (ETSO), til skjótvirkar innleiðingar trausts gjaldskrárkerfis til lengri tíma þar sem kveðið er á um viðeigandi merki til markaðsaðila vegna kostnaðarskiptingar.

6) Í ályktun sinni frá 6. júlí 2000 um aðra skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stöðu þeirrar viðleitni að auka frelsi á orkumörkuðunum kallaði Evrópuþingið eftir skilyrðum vegna notkunar neta í aðildarríkjum, sem hindra ekki raforkuviðskipti yfir landamæri, og fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram sértækar tillögur sem miða að því að vinna bug á öllum núverandi hindrunum á viðskiptum innan Bandalagsins.

7) Mikilvægt er að þriðju lönd, sem mynda hluta af evrópska raforkukerfinu, fari að þeim reglum, sem er að finna í þessari reglugerð og viðmiðunarreglunum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, í því skyni að auka skilvirka starfsemi innri markaðarinnar.

8) Í þessari reglugerð skal mælt fyrir um grundvallarreglur gjaldskrársetningar og úthlutunar flutningsgetu og leið skal greiða fyrir samþykkt viðmiðunarreglna þar sem er að finna nákvæmari lýsingu á viðeigandi meginreglum og aðferðafræði í því skyni að gera kleift að aðlagast breyttum aðstæðum með skjóttum hætti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 72, og (Stjtið. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 440.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 36, 8.2.2002, bls. 10.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. mars 2002 (Stjtið. ESB C 47 E, 27.2.2003, bls. 379), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. febrúar 2003 (Stjtið. ESB C 50 E, 4.3.2003, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 27, 30.1.1997, bls. 20.

- 9) Á opnum markaði þar sem samkeppni ríkir skulu flutningskerfisstjórar, þaðan sem flæði yfir landamæri er upprunnið og kerfa þar sem flæðið endar, bæta flutningskerfisstjórum þann kostnað, sem stofnað er til, vegna hýsingar á rafmagnsflæði yfir landamæri á netum þeirra.
- 10) Taka skal tillit til útgjalda og tekna vegna jöfnunargreiðsna milli flutningskerfisstjóra þegar gjaldskrár fyrir innlend net eru ákveðnar.
- 11) Mikill munur getur verið á þeim upphæðum, sem í raun ber að greiða fyrir aðgang að kerfinu yfir landamæri, eftir því hvaða flutningskerfisstjórar eiga hlut að máli og vegna mismunandi uppbyggingar gjaldskrárkerfa sem beitt er í aðildarríkjunum. Því er nokkurrar samræmingar þörf til að komast hjá röskun á viðskiptum.
- 12) Gott kerfi langtíma staðsetningarmarkja er nauðsynlegt, sem byggist á meginreglunni um að gjöld vegna aðgangs að netum skuli endurspegla jafnvægið milli framleiðslu og notkunar á svæðinu, sem um er að ræða, á grundvelli aðgreiningar á gjöldum vegna aðgangs að netum eftir framleiðendum og/eða neytendum.
- 13) Ekki er rétt að beita fjarlægðartengdum gjöldum, eða, að því tilskildu að viðeigandi staðsetningarmarki séu til staðar, sérstöku gjaldi sem einungis útflytjendum eða innflytjendum ber að greiða, til viðbótar við almenna gjaldið fyrir aðgang að innlenda netinu.
- 14) Forsenda skilvirkrar samkeppni á innri markaðinum eru gjöld vegna notkunar neta, sem eru gagnsæ og án mismununar, þ.m.t. samtengilínur í flutningskerfinu. Flutningsgetan, sem er tiltæk á þessum línunum, skal vera hámarksgildið sem er í samræmi við öryggisstaðla um öruggan rekstur neta.
- 15) Mikilvægt er að komast hjá röskun á samkeppni vegna þess að flutningskerfisstjórar í aðildarríkjunum nota mismunandi öryggis-, rekstrar- og skipulagsstaðla. Enn fremur skal ríkja gagnsæi fyrir markaðsaðila, að því er varðar tiltæka flutningsgetu og öryggis-, skipulags- og rekstrarstaðla, sem hafa áhrif á tiltæka flutningsgetu.
- 16) Reglur skulu vera til staðar um ráðstöfun tekna vegna aðgerða til að bregðast við kerfisöng nema sérstakt eðli samtengils, sem hlut á að máli, réttlæti undanþágu frá þessum reglum.
- 17) Mögulegt skal vera að leysa vandamál í tengslum við kerfisöng á ýmsan hátt svo lengi sem aðferðirnar, sem notaðar eru, gefi flutningskerfisstjórum og markaðsaðilum rétt efnahagsleg merki og byggist á markaðsaðferðum.
- 18) Til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins skal kveða á um málsmeðferð, sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að samþykkja ákvarðanir og viðmiðunarreglur, m.a. um gjaldskrár og úthlutun flutningsgetu en tryggir um leið þátttöku eftirlits-yfirvalda aðildarríkjanna í þessu ferli, eftir því sem við á, í gegnum evrópusamtök þeirra. Eftirlitsyfirvöld, ásamt öðrum viðeigandi yfirvöldum í aðildarríkjunum, gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins.
- 19) Þess skal krafist að aðildarríkin og lögbær, innlend yfirvöld veiti framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal fara með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Ef nauðsynlegt er, skal framkvæmdastjórnin hafa tækifæri til að krefjast viðeigandi upplýsinga beint frá hlutaðeigandi fyrirtækjum að því tilskildu að lögbær innlend yfirvöld séu upplýst um það.
- 20) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu tryggja að farið sé að reglunum, sem er að finna í þessari reglugerð og viðmiðunarreglunum, sem samþykktar eru á grundvelli þessarar reglugerðar.
- 21) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.
- 22) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að kveða á um samræmdan ramma fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri, og þar eð því markmiði verður, af þeim sökum, betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálsans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná megi því markmiði.
- 23) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessarar reglugerðar skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

raforku eigi sér stað samtímis í öðru aðildarríki eða þriðja landi,

1. gr.

Efni og gildissvið

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja samngjarnar reglur um raforkuviðskipti yfir landamæri og auka þannig samkeppni á innri markaðinum með raforku að teknu tilliti til sérkenna innlendra markaða og svæðismarkaða. Þetta felur í sér að komið verði á fyrirkomulagi vegna jöfnunargreiðslna fyrir raforkuflæði yfir landamæri og að settar verði samræmdar meginreglur um gjöld vegna flutnings yfir landamæri og úthlutun tiltækrar flutningsgetu samtengilína milli innlendra flutningskerfa.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð skulu skilgreiningarnar, sem er að finna í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB⁽¹⁾, gilda að undanskilinni skilgreiningunni á „samtengli“ en í hennar stað komi eftirfarandi:

„samtengill“: flutningslína sem fer yfir eða liggur á landamærum aðildarríkja og sem tengir saman innlend flutningskerfi aðildarríkjanna.

2. Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

- a) „eftirlitsyfirvöld“: eftirlitsyfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/54/EB,
- b) „flæði yfir landamæri“: raunverulegt raforkuflæði á flutningsneti aðildarríkis sem er til komið vegna áhrifa af aðgerðum framleiðenda og/eða neytenda utan þess aðildarríkis á flutningsneti þess. Ef flutningsnet tveggja eða fleiri aðildarríkja eru hluti, í heild sinni eða að hluta, af einni stýrieiningu, einungis að því er varðar fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra, sem um getur í 3. gr., skal stýrieiningin í heild teljast hluti flutningsnets eins af hlutaðeigandi aðildarríkjum til að komast hjá því að flæði innan stýrieininga teljist flæði yfir landamæri og gefi þannig tilefni til jöfnunargreiðslna skv. 3. gr. Eftirlitsyfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt að ákveða hvert af hlutaðeigandi aðildarríkjum skuli teljast vera aðildarríkið, sem stýrieiningin í heild telst vera hluti af,
- c) „kerfisöng“: aðstæður þar sem samtengilína, sem tengir saman innlend flutningsnet, getur ekki ráðið við allt raunverulegt flæði vegna innlendra viðskipta, sem markaðsaðilar hafa óskað eftir, vegna skorts á flutningsgetu samtenglanna og/eða hlutaðeigandi innlendra flutningskerfa,
- d) „uppgefinn útflutningur“: raforku, er sending raforku í einu aðildarríki á grundvelli fyrirliggjandi samningsákvæða þannig að samsvarandi viðtaka („uppgefinn innflutningur“)

e) „uppgefinn umflutningur“: raforku eru aðstæður þar sem „uppgefinn útflutningur“ raforku á sér stað og þar sem tilgreind leið viðskiptanna liggur um land þar sem hvorki sending né samsvarandi viðtaka raforkunnar á sér stað,

f) „uppgefinn innflutningur“: raforku er viðtaka raforku í aðildarríki eða þriðja landi um leið og raforkan er send („uppgefinn útflutningur“) í öðru aðildarríki,

g) „nýr samtengill“: samtengill sem ekki er tilbúinn á gildis-tökudegi þessarar reglugerðar.

3. gr.

Fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra

1. Flutningskerfisstjórar skulu fá jöfnunargreiðslur vegna kostnaðar sem til fellur sökum hýsingar á raforkuflæði yfir landamæri á netum þeirra.

2. Kerfisstjórar innlendra flutningskerfa, þar sem flæði yfir landamæri á upptök sín og kerfa þar sem flæðið endar, skulu greiða jöfnunargreiðslurnar sem um getur í 1. mgr.

3. Jöfnunargreiðslur skulu greiddar reglulega fyrir tiltekið tímabil sem liðið er. Ef nauðsynlegt er skal gera leiðréttingar á jöfnunargreiðslunum eftir á til að endurspegla þann kostnað sem raunverulega er stofnað til. Ákveða skal fyrsta tímabilið, sem greiða skal jöfnunargreiðslur fyrir, í viðmiðunarreglunum sem um getur í 8. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr., ákveða fjárhæðir jöfnunargreiðslna sem ber að greiða.

5. Umfang flæðis yfir landamæri, sem hýst er, og umfang flæðis yfir landamæri, sem er tilgreint að eigi upptök og/eða endi í innlendum flutningskerfum, skal ákvarðað á grundvelli raunverulegs flæðis raforku sem mælt er á tilteknu tímabili.

(¹) Stjtið. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37.

6. Kostnaður, sem stofnað er til vegna hýsingar á flæði yfir landamæri, skal ákvarðaður á grundvelli langtímaspar um meðalkostnaðarauka, að teknu tilliti til taps, fjárfestingar í nýjum grunnvirkjum og viðeigandi hlutfalls kostnaðar við grunnvirki, sem fyrir eru, svo fremi sem grunnvirki sé notað til flutnings á raforku yfir landamæri, einkum að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja afhendingaröryggi. Við ákvörðun á kostnaði, sem stofnað er til, skal nota viðurkenndar, staðlaðar aðferðir við kostnaðarútreikninga. Taka skal tillit til ávinnings, sem neti hlýst af því að hýsa flæði yfir landamæri, til að draga úr jöfnunargreiðslunum.

4. gr.

Gjaldtaka vegna aðgangs að netum

1. Gjöld, sem kerfisstjórar neta leggja á vegna aðgangs að netum, skulu vera gagnsæ, taka tillit til nauðsynjar á netöryggi og endurspeglar raunverulegan kostnað, sem stofnað er til, svo fremi að þau samsvari gjöldum skilvirkis og sambærilegs kerfisstjóra nets hvað varðar uppbyggingu og þeim sé beitt án mismununar. Þessi gjöld skulu ekki vera fjarlægðartengd.

2. Heimilt er að leggja gjöld á framleiðendur og neytendur („álag“) fyrir aðgang að netum. Hluti heildarupphæðar netgjalda, sem framleiðendur greiða, skal, með fyrirvara um þörfina að gefa viðeigandi og skilvirk staðsetningarkerki, vera minni en hlutinn sem neytendur greiða. Eftir því sem við á, skal gjaldskráin, sem beitt er á framleiðendur og/eða neytendur, gefa staðsetningarkerki um alla Evrópu og taka tillit til taps og kerfisangar sem og kostnaðar við fjárfestingar í grunnvirki. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin gefi staðsetningarkerki á eigin yfirlýðingum eða beiti aðferðum til að tryggja að gjöld, sem neytendur („álag“) greiða fyrir aðgang að neti þeirra, séu eins á öllu yfirlýðingum eða beiti þeirra.

3. Þegar gjöld fyrir netaðgang eru ákveðin skal taka tillit til eftirfarandi:

- greiðsla og tekna vegna fyrirkomulags jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra,
- raunverulegra greiðslna, sem inntar eru af hendi og tekið er við, sem og greiðslna sem búist er við á ókomnum tímabilum, sem áætlaðar eru á grundvelli liðinna tímabila.

4. Að því tilskildu að viðeigandi og skilvirk staðsetningarkerki séu til staðar, í samræmi við 2. mgr., skulu gjöld fyrir aðgang að netum lögð á framleiðendur og neytendur, óháð því hvert ákvörðunar- eða upprunalandið er fyrir raforkuna, eins og tilgreint er í viðskiptalega fyrirkomulaginu sem liggur því til grundvallar. Þetta skal ekki hafa áhrif á gjöld á uppgefnum útflutning og uppgefnum

innflutning, sem eru tilkomin vegna viðbragða við að minnka líkur á kerfisöng, sem um getur í 6. gr.

5. Ekki skal vera sérstakt netgjald fyrir einstök viðskipti vegna uppgefins gegnumflutnings raforku.

5. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar um flutningsgetu samtengilína

1. Flutningskerfisstjórar skulu koma upp samræmingar- og upplýsingaskiptikerfum til að tryggja öryggi neta með tilliti til viðbragða við kerfisöng.

2. Öryggis-, rekstrar- og skipulagsstaðlar, sem flutningskerfisstjórar í aðildarríkjum nota, skulu birtir opinberlega. Í upplýsingunum, sem birtar eru, skal vera almennt kerfi til útreikninga á heildarflutningsgetunni og áreiðanleikavikmörkum flutnings sem byggjast á rafmagnseiginleikum og eðlisfræðilegum eiginleikum netsins. Slík kerfi skulu vera háð samþykki eftirlitsyfirvalda.

3. Flutningskerfisstjórar skulu birta áætlanir um tiltæka flutningsgetu fyrir hvern dag, þar sem tilgreind er tiltæk flutningsgeta sem þegar hefur verið tekin frá. Þetta skal birt með tilteknu millibili fyrir flutningsdaginn og þar skulu, í öllum tilvikum, vera áætlanir viku og mánuð fram í tímann ásamt magnbundnum upplýsingum um áætlaðan áreiðanleika tiltæktrar flutningsgetu.

6. gr.

Almennar meginreglur varðandi viðbrögð við kerfisöng

1. Leysa skal vandamál í tengslum við kerfisöng með markaðstengdum lausnum án mismununar sem gefa markaðsaðilum og flutningskerfisstjórum, sem hlut eiga að máli, skilvirk efnahagsleg merki. Helst skal leysa vandamál í tengslum við kerfisöng með aðferðum, sem ekki eru viðskiptatengdar, þ.e. aðferðum sem fela ekki í sér val á milli samninga einstakra markaðsaðila.

2. Einungis skal nota aðferðir, sem fela í sér skerðingu á viðskiptum þegar um neyðartilvik er að ræða, þar sem flutningskerfisstjóri verður að bregðast við með skjóttum hætti og endursending eða mótkaup (countertrading) eru ekki möguleg. Allri slíkri málsmeðferð skal beitt án mismununar.

Markaðsaðilum, sem hefur verið úthlutað flutningsgetu, skal bætt hvers kyns skerðing nema ef um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða.

3. Hámarksflutningsgeta samtengilina og/eða flutningsneta, sem hafa áhrif á flæði yfir landamæri, skal standa markaðsaðilum, sem uppfylla öryggisstaðla um öruggan rekstur neta, til boða.

4. Markaðsaðilar skulu tilkynna flutningskerfisstjórum, sem hlut eiga að máli, með hæfilegum fyrirvara fyrir viðkomandi rekstrartímabil, hvort þeir hafi í huga að nota flutningsgetuna sem þeim var úthlutað. Öll flutningsgeta, sem hefur verið úthlutað og verður ekki notuð, skal sett aftur á markað með opnum og gagnsæjum hætti án mismununar.

5. Flutningskerfisstjórar skulu, eftir því sem það er tæknilega mögulegt, jafna út kröfum um flutningsgetu á orkuflæði í gagnstæða átt á samtengilinum, þar sem kerfisöng er til staðar, í því skyni að nota hámarksflutningsgetu þessarar línu. Með fullu tilliti til netöryggis skal aldrei synja um viðskipti sem leysa úr kerfisönginni.

6. Allar tekjur vegna úthlutunar á samtengingu skulu notaðar í eitt eða fleira af eftirfarandi:

- a) sem trygging fyrir því að úthlutað flutningsgeta sé raunverulega tiltæk,
- b) fjárfestingar í netum til að viðhalda eða auka flutningsgetu samtengilina,
- c) sem tekjur, sem eftirlitsyfirvöld skulu taka tillit til, þegar þau samþykkja aðferðafræði við að reikna út gjaldskrár neta og/eða við að meta hvort breyta eigi gjaldskrár.

7. gr.

Nýir samtenglar

1. Heimilt er að undanþiggja nýja jafnstraumssamtengla frá ákvæðum 6. mgr. 6. gr. í þessari reglugerð og 20. gr. og 2., 3., og 4. mgr. 23. gr. í tilskipun 2003/54/EB með eftirfarandi skilyrðum:

- a) fjárfestingin verður að auka samkeppni á sviði afhendingar raforku,
- b) áhættan í tengslum við fjárfestinguna er slík að fjárfestingin mundi ekki eiga sér stað nema undanþága væri veitt,
- c) samtengillinn skal vera í eigu einstaklings eða lögaðila sem er, a.m.k. hvað varðar rekstrarform að lögum, aðskilinn kerfisstjórum sem byggja á samtengilinn inn í,
- d) gjöld eru innheimt af notendum þessa samtengils,

e) frá því að markaðurinn var opnaður að hluta, eins og um getur í 19. gr. í tilskipun 96/92/EB, má enginn hluti fjármagns- eða rekstrarkostnaðar samtengilsins hafa verið endurheimtur með neinum þáttum gjalda sem innheimt eru vegna notkunar á flutnings- eða dreifikerfum sem samtengillinn tengir saman,

f) undanþágan er ekki skaðleg fyrir samkeppni eða skilvirka starfsemi innri markaðarins með raforku eða skilvirka starfsemi kerfisins sem samtengillinn er tengdur við.

2. Í undantekningartilvikum skal 1. mgr. einnig gilda um riðstraumssamtengla að því tilskildu að kostnaðurinn og áhættan vegna viðkomandi fjárfestingar sé sérstaklega mikil í samanburði við kostnaðinn og áhættuna, sem að jafnaði er stofnað til, þegar tvö samliggjandi innlend flutningskerfi eru tengd saman með riðstraumssamtengli.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um verulega aukningu á flutningsgetu samtengla sem fyrir eru.

4. a) Eftirlitsyfirvaldinu er heimilt, í hverju tilviki fyrir sig, að taka ákvörðun varðandi undanþáguna sem um getur í 1. og 2. mgr. Aðildarríkjunum er hins vegar heimilt að kveða á um að eftirlitsyfirvöldin skuli leggja álit sitt á beiðninni um undanþágu fyrir viðeigandi aðila í aðildarríkinu, til formlegrar ákvarðanatöku. Þetta álit skal birt ásamt ákvörðuninni.

b) i) Undanþágan getur tekið til allrar flutningsgetu eða hluta flutningsgetu nýja samtengilsins eða samtengilsins, sem fyrir er, með verulega aukna flutningsgetu.

ii) Þegar ákveðið er að veita undanþágu skal taka tillit til þess, í hverju tilviki fyrir sig, hvort nauðsynlegt sé að setja skilyrði varðandi tímalengd undanþágunnar og aðgang, án mismununar, að samtenglinum.

iii) Þegar skilyrðin í i- og ii-lið eru ákveðin skal einkum taka tillit til viðbótarflutningsgetunnar, sem á eftir að búa til, væntanlegs tímaramma verkefnisins og innlendra aðstæðna.

c) Þegar undanþága er veitt getur viðkomandi yfirvald samþykkt eða ákveðið reglur og/eða aðferðir varðandi stjórnun og úthlutun flutningsgetu.

d) Ákvörðun um undanþágu, þ.m.t. öll skilyrði sem um getur í b-lið, skal rökstudd og birt á viðeigandi hátt.

e) Allar ákvarðanir um undanþágu skulu teknar að höfðu samráði við önnur aðildarríki eða hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

5. Lögbært yfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um ákvörðun um undanþágu ásamt öllum upplýsingum sem varða ákvörðunina. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni fyrirnefndar upplýsingar í samanteknu formi til þess að gera henni kleift að komast að vel rökstuddri niðurstöðu. Upplýsingarnar skulu einkum innihalda:

- nákvæmar ástæður, sem eftirlitsyfirvald eða aðildarríki hafði til að veita undanþágu, þ.m.t. fjárhagslegar upplýsingar sem réttlæta nauðsyn undanþágunnar,
- greininguna sem fer fram á áhrifum undanþágunnar á samkeppni og skilvirka starfsemi innri markaðarins með raforku,
- ástæður fyrir því tímabili og þeim hluta af heildarflutningsgetu samtengilsins, sem um ræðir, og undanþágan er veitt fyrir,
- niðurstöður samráðs við hlutaðeigandi aðildarríki eða eftirlitsyfirvöld.

Framkvæmdastjórnin getur, innan tveggja mánaða frá því að henni berst tilkynning, óskað eftir því að hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald eða aðildarríki breyti eða dragi til baka þá ákvörðun að veita undanþágu. Heimilt er að framlengja tveggja mánaða tímabilið um einn mánuð til viðbótar ef framkvæmdastjórnin óskar eftir viðbótarupplýsingum.

Ef eftirlitsyfirvaldið eða hlutaðeigandi aðildarríki fer ekki að fyrirnefndum tilmælum innan fjögurra vikna skal tekin lokaákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

8. gr.

Viðmiðunarreglur

1. Ef við á, skal framkvæmdastjórnin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 13. gr., samþykkja og breyta viðmiðunarreglum um þau atriði, sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., og sem varða fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra, í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 3. og 4. gr.

Þegar þessar viðmiðunarreglur eru samþykktar í fyrsta sinn skal framkvæmdastjórnin tryggja að þær taki í einum drögum að ráðstöfunum, a.m.k. til þeirra atriða sem um getur í a- og d-lið 2. mgr. og 3. mgr.

2. Í viðmiðunarreglunum skal tilgreina:

- a) upplýsingar um málsmeðferðina til að ákvarða hvaða flutningskerfisstjórar eru skyldugir til að borga jöfnunargreiðslur vegna flæðis yfir landamæri, þ.m.t. að því er varðar skiptingu milli kerfisstjóra innlendra flutningskerfa,

sem flæði yfir landamæri á upptök sín í, og kerfin, þar sem flæðið endar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr.,

- b) upplýsingar um málsmeðferðina sem fylgja skal við greiðslu, þ.m.t. ákvörðun á fyrsta tímabilinu sem greiða skal jöfnunargreiðslur fyrir, í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 3. gr.,
- c) upplýsingar um aðferðafræðina við að ákvarða flæði yfir landamæri, sem hýst er og greiða skal jöfnunargreiðslur fyrir skv. 3. gr., að því er varðar bæði magn og tegund flæðis og tilgreining á umfangi slíks flæðis, hvort það á upptök og/eða endar í flutningskerfum einstakra aðildarríkja, í samræmi við 5. mgr. 3. gr.,
- d) upplýsingar um aðferðafræðina við að ákvarða kostnaðinn og ávinninginn, sem hlýst af því að hýsa flæði yfir landamæri, í samræmi við 6. mgr. 3. gr.,
- e) upplýsingar um meðhöndlun, í tengslum við fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra, á raforkuflæði sem á upptök eða endar í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins,
- f) þátttöku innlendra kerfa, sem eru samtengd með jafnstraumslínunum, í samræmi við 3. gr.

3. Í viðmiðunarreglunum skal einnig ákvarða viðeigandi reglur, sem leiða til samræmingar í áföngum á undirliggjandi meginreglum, til að ákveða gjöld, sem lögð eru á framleiðendur og neytendur (álag) samkvæmt innlendum gjaldskrárkerfum, þ.m.t. hvernig fyrirkomulag jöfnunargreiðslna milli flutningskerfisstjóra endurspeglast í gjöldum innlendra neta og að gefin séu viðeigandi og skilvirk staðsetningarkerki, í samræmi við meginreglurnar sem eru settar fram í 4. gr.

Í viðmiðunarreglunum skal kveðið á um viðeigandi, skilvirk og samræmd staðsetningarkerki um alla Evrópu.

Engin samræming í þessu tilliti, skal koma í veg fyrir að aðildarríkin beiti aðferðum til að tryggja að gjöld, sem neytendur (álag) greiða fyrir aðgang að neti þeirra, séu sambærileg á öllu yfirráðasvæði þeirra.

4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 13. gr., skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, breyta viðmiðunarreglunum um stjórnun og úthlutun á tiltækri flutningsgetu samtengilína milli innlendra kerfa, sem sett er fram í viðaukanum í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 5. og 6. gr., einkum til að fella inn nákvæmar

viðmiðunarreglur um alla aðferðafræði við úthlutun flutningsgetu, sem beitt er í raun, og að tryggja að aðferðir við að bregðast við kerfisöng þróist á þann hátt sem samrýmist markmiðum innri markaðarins. Þegar þessar breytingar eru gerðar skal, eftir því sem við á, setja sameiginlegar reglur um lágmarksstaðla varðandi öryggi og rekstur vegna notkunar og reksturs netsins, eins og um getur í 2. mgr. 5. gr.

Við samþykkt eða breytingu á viðmiðunarreglum skal framkvæmdastjórnin tryggja að í þeim sé að finna þá lágmarkssamræmingu, sem nauðsynleg er, til að ná fram markmiðum þessarar reglugerðar og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.

Við samþykkt eða breytingu á viðmiðunarreglum skal framkvæmdastjórnin tilgreina til hvaða aðgerða hún hefur gripið, með tilliti til samræmis reglna í þriðju löndum sem mynda hluta Evrópska raforkukerfisins, við viðmiðunarreglurnar sem um ræðir.

9. gr.

Eftirlitsyfirvöld

Þegar eftirlitsyfirvöld rækja skyldur sínar skulu þau tryggja samræmi við þessa reglugerð og viðmiðunarreglur, sem samþykktar eru skv. 8. gr. Þau skulu vinna saman og með framkvæmdastjórninni til að uppfylla markmið þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

10. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar og trúnaðarskylda

1. Aðildarríkin og eftirlitsyfirvöldin skulu, ef þess er óskað, veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar 4. mgr. 3. gr. og 8. gr.

Einkum, að því er varðar 4. og 6. mgr. 3. gr., skulu eftirlitsyfirvöld miðla reglulega upplýsingum um kostnað, sem innlendir flutningskerfisstjórar stofna í raun til, sem og gögnum og öllum viðeigandi upplýsingum um raunverulegt flæði í netum flutningskerfisstjóra og kostnaðinn við netin.

Framkvæmdastjórnin skal fastsetja eðlileg tímamörk til að veita upplýsingarnar, að teknu tilliti til þess hversu flóknar upplýsingarnar eru, sem krafist er, og hversu brýn þörfin fyrir upplýsingarnar er.

2. Ef hlutaðeigandi aðildarríki eða eftirlitsyfirvald veitir ekki þessar upplýsingar, innan tímamarkanna skv. 1. mgr., er framkvæmdastjórninni heimilt að krefjast allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru að því er varðar 4. mgr. 3. gr. og 8. gr., beint frá hlutaðeigandi fyrirtækjum.

Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis ber henni samtímis að senda afrit af beiðninni til eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur aðsetur.

3. Í beiðni sinni um upplýsingar skal framkvæmdastjórnin tilgreina lagagrundvöll beiðninnar, tímamörkin til að veita upplýsingarnar, tilgang beiðninnar og einnig viðurlögin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr., við að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja eðlileg tímamörk, að teknu tilliti til þess hversu flóknar upplýsingarnar eru, sem krafist er, og hversu brýn þörfin fyrir upplýsingarnar er.

4. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra og, ef um lögaðila er að ræða, einstaklingar, sem hafa heimild að lögum eða í stofnsamningi þeirra til að vera fulltrúar þeirra, skulu veita umbeðnar upplýsingar. Lögfræðingar, sem hafa fullt umboð, geta veitt upplýsingarnar fyrir hönd skjólstæðinga sinna en í því tilviki skal skjólstæðingurinn vera að fullu ábyrgur fyrir því ef upplýsingarnar, sem veittar eru, eru ófullnægjandi, rangar eða villandi.

5. Ef fyrirtæki veitir ekki umbeðnar upplýsingar, innan tímamarkanna sem framkvæmdastjórnin fastsetur eða veitir ófullnægjandi upplýsingar, er framkvæmdastjórninni heimilt með ákvörðun að krefjast þess að upplýsingarnar séu veittar. Í ákvörðuninni skal tilgreina hvaða upplýsinga er krafist og fastsetja viðeigandi tímamörk til að veita upplýsingarnar. Í henni skal tilgreina viðurlögin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. Í henni skal einnig tilgreindur rétturinn til að láta Dómstól Evrópubandalaganna endurskoða ákvörðunina.

Framkvæmdastjórnin skal á sama tíma senda afrit af ákvörðun sinni til eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins þar sem einstaklingurinn hefur búsetu eða fyrirtækið aðsetur.

6. Upplýsingarnar, sem safnað er samkvæmt þessari reglugerð, skulu einungis notaðar að því er varðar 4. mgr. 3. gr. og 8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal ekki afhenda upplýsingar, sem hún fær í hendur samkvæmt þessari reglugerð, ef þær eru af því tagi að þagnarskylda ríkir um þær.

11. gr.

Réttur aðildarríkja til að kveða á um ítarlegri ráðstafanir

Þessi reglugerð skal vera með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að viðhalda eða innleiða ráðstafanir, sem fela í sér ítarlegri ákvæði en þau sem sett eru fram í þessari reglugerð og viðmiðunarreglunum sem um getur í 8 gr.

12. gr.

Viðurlög

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. júlí 2004, og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt með ákvörðun að beita fyrirtæki sektum, sem eru ekki hærri en 1% af heildarveltu næstliðsins viðskiptaárs, ef þau veita af ráðnum hug eða sökum vanrækslu rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í kjölfar beiðni, sem gerð er skv. 3. mgr. 10. gr., eða veita ekki upplýsingar innan tímamarkanna, sem ákveðin eru með ákvörðun sem samþykkt er samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. 10. gr.

Þegar upphæð sektarinnar er ákveðin skal taka tillit til alvarleika þess að kröfurnar í fyrstu undirgrein voru ekki uppfylltar.

3. Viðurlög, sem kveðið er á um skv. 1. mgr. og ákvarðanir sem eru teknar skv. 2. mgr., skulu ekki varða hegningarlög.

13. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

14. gr.

Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd þessarar reglugerðar. Eigi síðar en þremur árum eftir að reglugerð þessi tekur gildi skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu um fengna reynslu af beitingu hennar fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í skýrslunni skal einkum kanna að hvaða marki reglugerðin hafi borið árangur við að tryggja að skilyrði aðgangs að netum fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri séu án mismununar og endurspegli kostnað og stuðli þannig að því að neytendur hafi valkosti á starfhæfum markaði og að afhendingaröryggi sé tryggt til langs tíma en jafnframt skal kanna að hvaða marki skilvirk staðsetningarmarki séu fyrir hendi. Ef þörf krefur skulu skýrslunni fylgja viðeigandi tillögur og/eða tilmæli.

15. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. júlí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. TSOCHATZOPOULOS

forseti.

VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur um stjórnun og úthlutun á tiltækri flutningsgetu samtengilína milli innlendra kerfa

Almennt

1. Aðferðir við að bregðast við kerfisöng, sem aðildarríkin beita, skulu taka til skammtímakerfisangar á markaðstengdan og efnahagslega skilvirkan hátt en um leið gefa merki eða hvatningu um skilvirka fjárfestingu í netum og framleiðslu, á réttum stöðum.
2. Flutningskerfisstjórar, eða eftir því sem við á, aðildarríkin skulu leggja fram gagnsæja staðla án mismununar, sem lýsa þeim viðbraðgsaðferðum við kerfisöng sem þeir beita við mismunandi aðstæður. Þessum stöðlum, ásamt öryggisstöðlum, skal lýst í skjölum sem eru öllum aðgengileg.
3. Þegar hugað er að sértækum aðferðum við að bregðast við kerfisöng skal leitast við að halda í lágmarki öllum mismun á meðhöndlun mismunandi tegunda viðskipta yfir landamæri, hvort heldur er um að ræða raunverulega, tvíhliða samninga eða tilboð á erlendum, skipulögðum mörkuðum. Aðferðin við að úthluta takmarkaðri flutningsgetu skal vera gagnsæ. Sýna verður fram á að sérhver munur á meðhöndlun viðskipta raski hvorki né hindri þróun á samkeppni.
4. Merkin um verð, sem kerfið til að bregðast við kerfisöng gefur frá sér, skulu vera stefnuvirk.
5. Flutningskerfisstjórar skulu bjóða flutningsgetu sem er eins „áreiðanleg“ og mögulegt er. Heimilt er að bjóða á markaðnum hæfilegan hluta flutningsgetunnar með skilyrðum um minni áreiðanleika, en nákvæm skilyrði vegna flutnings á línunum yfir landamæri skulu ávallt kynnt markaðsaðilum.
6. Að teknu tilliti til þess að netið á meginlandi Evrópu er mjög þéttfíð og að notkun samtengilína hefur áhrif á orkuflæði, a.m.k. beggja vegna landamæra ríkja, skulu innlendir eftirlitsaðilar tryggja að engar aðferðir við að bregðast við kerfisöng, sem hafa veruleg áhrif á orkuflæði í öðrum netum, séu ákveðnar einhliða.

Staða langtímasamninga

1. Forgangsrétti að aðgangi að flutningsgetu samtengilínu skal ekki úthlutað til þeirra samninga sem brjóta í bága við 81. og 82. gr. EB-sáttmálans.
2. Langtímasamningar, sem fyrir eru, skulu ekki hafa fyrirfram gefinn rétt þegar þeir koma til endurnýjunar.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

1. Flutningskerfisstjórar skulu hrinda í framkvæmd viðeigandi aðferðum til samræmingar og upplýsingaskipta til að tryggja öryggi netsins.
2. Flutningskerfisstjórar skulu birta öll viðeigandi gögn varðandi heildarflutningsgetu yfir landamæri. Auk gilda fyrir tiltæka flutningsgetu á veturna og á sumrin skulu flutningskerfisstjórar birta áætlanir um flutningsgetu fyrir hvern dag á nokkrum mismunandi tímum áður en flutningsdagurinn hefst. Nákvæmar áætlanir, a.m.k. viku fram í tímann skulu vera tiltækar fyrir markaðinn og flutningskerfisstjórar skulu leitast við að veita upplýsingar mánuð fram í tímann. Lýsing á áreiðanleika gagnanna skal fylgja með.

3. Flutningskerfisstjórar skulu birta almennt kerfi til útreikninga á heildarflutningsgetunni og áreiðanleikavikmörkum flutnings sem byggist á rafmagnseiginleikum og eðlisfræðilegum eiginleikum netsins. Slíkt kerfi skal vera háð samþykki eftirlitsaðila í hlutaðeigandi aðildarríkjum. Öryggisstaðlarnir og rekstrar- og skipulagsstaðlarnir skulu vera óaðskiljanlegur hluti upplýsinganna sem flutningskerfisstjórar skulu birta í skjölum sem eru öllum aðgengileg.

Meginreglur um aðferðir við að bregðast við kerfisöng

1. Helst skal leysa vandamál í tengslum við kerfisöng með aðferðum sem ekki eru viðskiptatengdar, þ.e. aðferðum sem fela ekki í sér val á milli samninga einstakra markaðsaðila.
2. Hlutaðeigandi flutningskerfisstjórar mega notast sameiginlega við samræmdar endursendingar eða mótkaup yfir landamæri. Kostnaðurinn, sem flutningskerfisstjórar stofna til við mótkaup eða endursendingar, verður hins vegar að vera í þeim mæli að hann sé skilvirkur.
3. Hugsanlegir kostir þess að sameina annars vegar að uppskiptingu markaðarins eða aðrar markaðstengdar aðferðir til leysa úr „varanlegri“ kerfisöng og hins vegar mótkaup til að leysa úr tímabundinni kerfisöng skulu kannaðir tafarlaust sem varanlegri leið til að bregðast við kerfisöng.

Viðmiðunarreglur um opið uppboð

1. Uppboðskerfið skal hannað með þeim hætti að öll tiltæk flutningsgeta sé í boði á markaðnum. Þetta er hægt að gera með því að skipuleggja samsett uppboð, þar sem flutningsgetan er boðin upp fyrir mismunandi tímallengd og með mismunandi eiginleikum, (t.d. með tilliti til væntanlegs áreiðanleika tiltækrar flutningsgetu, sem um ræðir).
2. Bjóða skal heildarsamtengigetuna í röð uppboða, sem t.d. er hægt að halda, árlega, mánaðarlega, vikulega, daglega eða oft á dag, í samræmi við þarfir markaðanna, sem um ræðir. Í öllum þessum útboðum skal úthluta föstum hluta tiltækrar flutningsgetu auk allrar flutningsgetu, sem eftir er, og var ekki úthlutað í fyrri uppboðum.
3. Málsmeðferðin vegna opins uppboðs skal undirbúin í náinni samvinnu milli innlendra eftirlitsyfirvalda og hlutaðeigandi flutningskerfisstjóra og hönnuð með þeim hætti að bjóðendur geti einnig tekið þátt í daglegum viðskiptum allra skipulagðra markaða (t.d. orkukauphöll) í hlutaðeigandi löndum.
4. Orkuflæðið í báðar áttir yfir tengilínur, þar sem kerfisöng er til staðar, skal að meginreglu til vera jafnað út til að hámarka flutningsgetuna í þá átt þar sem kerfisöngin er til staðar. Aðferðin við að jafna flæði skal hins vegar vera í samræmi við öruggan rekstur orkukerfisins.
5. Til að bjóða markaðnum eins mikla flutningsgetu og mögulegt er skal ábyrgðin á fjárhagsáhættunni, sem tengist jöfnun flæðisins, borin af þeim aðilum sem valda því að áhætta verður að veruleika.
6. Allar uppboðsaðferðir skulu vera þannig að mögulegt sé að senda stefnuvirk merki um verð til markaðsaðila. Flutningur í gagnstæða átt við ríkjandi orkuflæði léttir á álaginu og leiðir því til viðbótarflutningsgetu á línunni þar sem kerfisöngin er til staðar.
7. Til að hætta ekki á að skapa eða auka vandamál, sem tengjast yfirburðastöðu markaðsaðila, skulu lögbærur eftirlitsyfirvöldin, þegar þau hanna uppboðskerfi, íhuga alvarlega að setja efri mörk að því er varðar það magn flutningsgetu sem markaðsaðili má kaupa/eiga/nota í uppboði.
8. Til að stuðla að því raforkumarkaður, þar sem seljanleiki er til staðar, verði til skal frjálst að versla með flutningsgetu, sem keypt er á uppboði, þar til flutningskerfisstjóra er tilkynnt um að flutningsgetan verði notuð.